

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Bifreiðastæði við Arkarvog 4 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
2. Bifreiðastæði við Engihlíð 16 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofu stjórnýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviði, 8. mars 2023.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 22. mars 2023